

## Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

<b>Fundarstjóri:</b> Marta Magnúsdóttir	<b>Fundur nr. 5/2020</b>
<b>Fundarritari:</b> Guðmundur Örn Sverrisson	
<b>Mættir:</b> Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi Ásgerður Magnúsdóttir (ÁM) formaður ungmennaráðs Björk Norðdahl (BN) formaður fræðsluráðs Jón Halldór Jónasson (JHJ) formaður upplýsingaráðs Sævar Skaptason (SS) formaður fjármálaráðs Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍS Guðmundur Örn Sverrisson (GS) fjármála- og verkefnastjóri BÍS	<b>Fundarstaður:</b> <b>Fjarfundur</b>  <b>Dags: 7. apríl 2020</b>  <b>Frá kl. 20:00-21:15</b>
<b>Fjarverandi:</b> Harpa Ósk Valgeirsdóttir (HÓV) formaður dagskráráðs	
<b>Gestir:</b> Sigurgeir Bjartur Þórisson, Benedikt Þorgilsson, Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir, Hulda María Valgeirsdóttir, Þórhallur Helgason	

### Dagskrá:

Tími - mín:	Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1	1	<b>Setning</b> Fundur settur klukkan 20:07	MM
1	2	<b>Fundargerð síðasta fundar</b>	GS
3	3	<b>Fararstjórn Eurojam eru gestir fundarins.</b> Fararstjórn gerir grein fyrir útlögðum kostnaði pr. þátttakanda. Búið er að semja við flugfélag um hlutaendurgreiðslu og verið að vinna í endurgreiðslu vegna gistingar o.fl. Fyrir liggur að mótið mun ekki endurgreiða mótsgjöld. Mótsstjórn Eurojam ásamt Evrópustjórnnum WOSM og WAGGGS hefur ákveðið að fresta mótinu um rúmt ár. Stefnt er á að endurgreiða íslenskum þátttakendum þáttökugjöld umfram staðfestingargjalds og sveitarföngjum gjaldið að fullu. Ákvörðun um þátttöku á Eurojam 2021 liggur ekki fyrir. Gestir yfirgefa fundinn í lok þessa dagskrárliðar.	MM
	4	<b>Tillaga heimsstjórnar WOSM um að fresta ungmenna- og heimsþingum</b> Fulltrúi BÍS mun kjósa með tillögunni.	MM
5	5	<b>Sumardagurinn fyrsti og samkomubann</b> Rætt um skátastarf að loknu samkomubanni.	MM
2	6	<b>Þakkir til fráfarandi fulltrúa í stjórn og alþjóðaráði</b> Stjórn BÍS þakkar Dagmar Ýr Ólafsdóttur, Andrésí Róbertssyni og Silju Þorsteinsdóttur fyrir vel unnin störf og óskar þeim velfarnaðar.	MM
10	7	<b>Mönnun stjórnar skv. 22.gr. laga BÍS</b> Tillaga er lögð fyrir fundinn að halda félagsföngjafund í fjarfundarformi í apríl til að manna stjórn BÍS. Tillagan er samþykkt og stefnt að því að halda hann þriðjudaginn 21. apríl klukkan 20:00.	MM
5	8	<b>Landsmót skáta 2020</b> Staða landsmóts skáta 2020 kynnt. Útgjöldum verður haldið í lágmarki og seinkað eins og hægt er til að lágmarka fjárhagslega áhættu ef aflýsa þarf mótinu. Stefnt er á að senda upplýsingabréf til foreldra þátttakenda eftir páska.	KÓ

3	9	<b>Umsóknarferli fyrir heimsþing WOSM og WAGGGS</b> Hlé hefur verið gert á umsóknarferli. Athygli vekur hve fáir karlmenn sækja um og lagt er til að stjórn BÍS skoði hvað veldur.	MM
5	10	<b>Nýir vinnuhópar</b> Fjórir nýir vinnuhópar verða stofnaðir, vinnuhópar um ungmennamál, alþjóðamál, starfsráð og skátaskólann. Stjórn skipar eftirfarandi fulltrúa sem tengiliði stjórnar við vinnuhópana: Ásgerður Magnúsdóttir tengiliður stjórnar við ungmennamál Marta Magnúsdóttir tengiliður stjórnar við alþjóðamál Björk Norðdahl og Þórhallur Helgason tengiliðir við Skátaskólann Harpa Ósk Valgeirsdóttir tengiliður við starfsráð	MM
5	11	<b>Fjármál – ársreikningar</b> Helstu tölur ársreikninga BÍS og dótturfélaga kynntar. Ennfremur er staðan hjá Grænum skátum kynnt.	KÓ
4	12	<b>Tillaga að breyttu heiti BÍS á ensku</b> Tillaga lögð fyrir fundinn að hefja vinnu við þýðingu laga BÍS á ensku til að afhenda WOSM og WAGGS nýrri útgáfu af lögum BÍS og breyta um leið ensku heiti BÍS.	MM
5	13	<b>Skátun að loknu samkomubanni</b> Stjórn BÍS sammála um að standa fyrir öflugu skátastarfi að samkomubanni loknu.	MM
5	14	<b>Úlfljótswatn</b> Farið yfir stöðu Úlfljótswatns og áhrif Covid-19 á rekstur félagsins. Ennfremur þær aðgerðir sem gripið hefur verið til nú þegar og eru í skoðun.	KÓ
3	15	<b>Skátapings 2020</b> Stefnt er á að halda skátaping á Úlfljótswatni í byrjun september ef aðstæður leyfa.	MM
5	16	<b>Staðsetning viðburða BÍS</b> Rætt um að ekki er til stefna um staðsetningu viðburða BÍS. Ekki er talin ástæða til að BÍS marki slíka stefnu eins og sakir standa.	MM
5	17	<b>Tillaga að skipun alþjóðafulltrúa WOSM og WAGGGS</b> „Tillaga að útkalli fyrir alþjóðafulltrúa BÍS“ lögð fyrir fundinn með fylgiskjali. Tillagan er samþykkt.	MM
8	18	<b>Önnur mál</b> <ol style="list-style-type: none"> <li>Óskað er eftir framboði til varaformanns stjórnar BÍS fyrir næsta stjórnarfund sem áætlaður er þriðjudaginn 21. apríl 2020 klukkan 18:00.</li> <li>Rætt er um skjalastjórnun. Verkefnið er í vinnslu.</li> <li>Mikil ánægja er með verkefnið Stuðkví og vinnu sjálfbóðaliða og starfsmanna við það.</li> <li>Spurt er um Hádegismóa. Málið er í opinberu ferli.</li> </ol>	MM

Fundi slitið 21:27